161. stjórnarfundur Náttúrustofu Vestfjarða
fimmtudaginn 29. október 2026.
Fundurinn var haldinn á Microsoft Teams og í fundarsal Bláma og hófst kl. 10:00.

Mættir á fundinn Lilja Magnúsdóttir, formaður stjórnar, Hlynur Reynisson, Þorbergur Haraldsson, Hulda Birna Albertsdóttir, forstöðumaður og Friðbjörg Matthíasdóttir, fjármálastjóri (undir 4.lið).

1. Verkaskipting stjórnar.
   *Þorbergur Haraldsson býður sig fram sem varaformann og Hlynur Reynisson sem ritara.*
   *Samþykkt samhljóða.*

2. Fundagerðir til umræðu

2.1 Fundargerð 160. stjórnarfundar.
Fundargerðin var lögð fram til umræðu, en hún hafði áður verið samþykkt af fyrri stjórn og forstöðumanni.
Forstöðumaður sendir nýjum stjórnarmeðlimum stöðu verkefna sem kynnt var á fundinum.

*Fundargerð samþykkt.*

2.2 Fundargerð samráðsfundar NAVE.
Fundargerðin var lögð fram til umræðu, en hún hafði áður verið samþykkt af fyrri stjórn og forstöðumanni.

*Fundargerð samþykkt.*

3. Stýrihópur um framtímaskipulag náttúrustofa.

Drög að lokaskýrslu kynnt stjórn.

*Athugasemdir verða sendar frá SNS til ráðuneytisins fyrir 30. október.*

4. Fjárhagsáætlun 2027 og áætlun fyrir árin 2028-2030.

Fjárhagsáætlun 2027 ásamt áætlun fyrir árin 2028-2030. Gert er ráð fyrir samdrætti á árinu 2027.

*Fjárhagsáætlun samþykkt og forstöðumanni falið að senda áætlun til sveitarfélaganna.*

5. Stefnumótun og framtíðarsýn.

Fyrri stefnumótun lögð fram til kynningar. Nýrri stjórn var kynnt sú stefnumótun sem hefur verið í gangi síðustu ár.

*Stjórn ákvað að taka upp stefnumótun að nýju eftir áramót.*

## 6. Starfsmannamál.

6.1 Starfsmannafundir.

Á árinu hafa verið haldnir fimm starfsmannafundir, fyrir utan fundi tengda ákveðnum verkefnum.
Forstöðumaður hefur innleitt eiginleg starfsmannaviðtöl sem hefur ekki verið hefð fyrir innan stofunnar. Viðtöl standa yfir og áætlað að þau fari fram árlega.

*Stjórn fagnar því að þessi mál séu komin í farveg.*

Aðrir undirliðir þessa dagskrárliðar voru færðir í trúnaðarbók.

## 7. Önnur mál.

Tillaga að halda næsta stjórnarfund 17. nóvember kl. 10.

Fundi slitið kl: 12:30